

Sveitarfélagið Dalabyggð  
Sveinn Pálsson, sveitarstjóri  
Stjórnsýsluhúsi Dalabyggðar,  
Miðbraut 11, 370 Búðardal

29. október, 2017

Efni: Lýsing væntanlegs vindorkugarðs Storm orku ehf vegna aðalskipulags.


Kæri Sveinn:

Með tölvupósti 26. október síðastliðinn óskar þú eftir lýsingu á hugmyndum Storm orku vegna væntanlegs vindorkugarðs, sem við höfum kosið að kalla Storm 1, að Hróðnýjarstöðum í Dalabyggð.

Það er okkur sönn ánægja að verða við fyrirspurninni og sendum hér með lýsingu á væntanlegu Storm 1 verkefni. Enn hefur verkefnið ekki verið fullhannað, enda liggja rannsóknir ekki fyrir s.s. er varðar jarðfræði og staðbundnar vindorkumælingar en vonandi fullnægir þessi lýsing þeim kröfum sem sveitarfélagið er að leita að á þessu stigi málsins. Nákvæma hönnun verkefnisins munum við svo vinna þegar rannsóknir liggja fyrir og í nánú samstarfi við sveitarfélagið.

### Lýsing Storm 1 verkefnisins.

Áætlað er að virkja allt að 130 megavött (MW) af raforku á svæðinu. Heildarlandþörf verkefnisins er um 600 hektarar en um 1.000 hektarar lands, sjá mynd hér að neðan, mun félagið leigja af eigendum Hróðnýjarstaða. Landið er utan við ræktuð tún og starfsemi sauðfjárbúsins sem þar er. Ekki er fyrirhugað að setja upp girðingar í tenglum við Storm 1 verkefnið sem hindrað geta lausafjargöngu sauðfjár.



Mynd 1 Storm 1 vindorkuverkefnið - yfirlits- og afstöðumynd

Hver vindmylla verður milli 3-5 MW að stærð. Heildarfjöldi vindmylla verður því á bilinu 30 til 40 vindmyllur. Endanlegur fjöldi hefur ekki verið ákveðinn á þessu stigi. Áætlað er að hæð hvers turns geti orðið allt að 120 metrar með hæsta punkt vængs í um eða yfir 180 metra hæð. Eftir rannsóknir og mælingar á vindorku þá getur verið að hæð túrbínunnar og hæsta punkts vængs verði hærri eða mun lægri.

Storm 1 verkefnið kallar á aðra af tveimur lausnum þegar kemur að tengingu verkefnisins við háspennukerfi Landsnets. Fyrri lausnin er að byggja nýtt tengivirki á umráðasvæði verkefnisins, nálægt Glerárskólalínu 1, sem liggur í gegnum yfirráðasvæði verkefnisins. Hin lausnin fæli í sér uppfærslu á núverandi spennum og Glerárskógatengivirkinu.

Láttu mig vita ef þú ert með spurningar eða athugasemdir.

Bestu kveðjur

*Magnús Bjöh.*  
Magnús Jóhannesson

Framkvæmdastjóri Storm orku ehf